

eigi, en hinn stefndi staðhæfir, að það sje byggt innan merkja Rófu, er sje hjáleiga frá sama höfuðbóli, og sem hann eigi.— Mál þetta er því eptir eðli sínu landaþrætumál, sem samkvæmt N. L. 1—7—1 ber að dæma með meðdómsmönnum; en með því að undirdómarinn ekki hefur gætt þessa, heldur dæmt málið einn, þá ber að taka kröfu áfrýjandans um ómerkingu gestarjettardómsins til greina.

Málkostnaður fyrir báðum rjettum virðist eiga að falla niður:

Því dæmist rjett að vera:

Gestarjettardómurinn í máli þessu á ómerk-
ur að vera.— Málkostnaður fyrir báðum rjett-
um falli niður.

Mánudaginn 21. maímán.

Nr. 18/1883

Hið opinbera

gegn

Jóhannesi Guðmundssyni.

Dómur:

Með eigin játningu hins kærða og öðrum skýrslum, sem fram eru komnar í málinu, er það löglega sannað, að hinn kærði, Jóhannes Guðmundsson, húsmáður á Ísafirði, hafi róið á hákall á sexæringi 6. desembermán. f. á.; hafi hann fyrst lagzt í legu út af Bolungarvík, en engan hákarl fengið þar, síðan hafi hann farið lengra til hafs á mið, sem kallað er „í auga“ eða „Kví“, og þar hafi hann fengið 20 til 30 hákarla, en haft aðeins 5 eða 6 af þeim með sjer í land, en skorið hina niður. Nefnt

fiskimið eða hákarlamið er svo langt úti, að nær því allt Straumnes er orðið laust við Ritinn og sömuleiðis allt Arnarnes laust við Óshlíð, og var hinn kærði, er hann dró hákarlana, að minnsta kosti 1 mílu, og, ef til vill, $1\frac{1}{2}$ mílu frá næsta landi, sem var Deildarhorn í Stígahlíð. Útaf þessu var höfðað opinbert lögreglumál gegn hinum kærða fyrir brot gegn samþykkt fyrir Ísafjarðarsýslu um hákarlaveiðar á opnum skipum, staðfestri af amtmanninum yfir vesturamtinu 16. ágúst 1879, sem í 1. gr. bannar að skera niður eða sleppa í sjóinn nokkru af hákarli á nokkru fiski- eða hákarlamiði í Ísafjarðarsýslu á tímabilinu frá 1. okt. til 15. febr. ár hvert, en með dómi, kveðnum upp fyrir lögreglurjetti Ísafjarðar kaupstaðar 21. desember f. á., var hinn kærði dæmdur sýkn af kærum hins opinbera í málinu, og málskostnaður lagður á hið opinbera.

Lögregludómarinn hefur byggt dóm sinn á því, að nefnd samþykkt aðeins banni niðurskurð á hákarli á nokkru fiski- eða hákarlamiði í Ísafjarðarsýslu, en umdæmi sýslunnar geti ekki, þegar ekki er öðruvísi ákvarðað, álitizt að ná lengra en $\frac{3}{4}$ mílu út í opið haf. — Þessa skoðun lögregludómarans getur yfirdómurinn ekki aðhyllst, enn verður að ætla, að orðin „fiski- eða hákarlamið í Ísafjarðarsýslu“ nái til allra þeirra fiski- og hákarlamiða, sem sýslubúar sækja á, að minnsta kosti þegar þau ekki eru lengra frá landi en svo, að mið verða tekin á landi í Ísafjarðarsýslu, enda mundi bannið að öðrum kosti verða næsta þýðingarlítið — Yfirdómurinn fær þannig ekki betur sjeð, en að

hinn kærði hafi brotið móti opt nefndri fiskiveiða-samþykkt með því að sleppa mörgum hákörllum við áður umgetið tækifæri í sjóinn, og ber því samkvæmt 3. gr. samþykktarinnar að dæma hann í sekt, sem virðist hæfilega metin 40 kr., og rennur helmingur sektarinnar til hlutaðeigandi gæzlunefndar, en helmingurinn í hlutaðeigandi sveitarsjóð; svo ber honum og að greiða allan kostnað af máli þessu, þar á meðal laun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. handa hvorum þeirra.

Rekstur málsins í hjerði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmeitt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Jóhannes Guðmundsson, á að greiða í sekt 40 krónur, er renni að helmingi til hlutaðeigandi gæzlunefndar og að helmingi í hlutaðeigandi sveitarsjóð; svo ber honum og að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, máláflutningsmannanna Þorsteins Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 17/1883.

Rjettvísín
gegn
Benedikt Jóhannssyni.